

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnslína í jörð á Snartarstöðum og Leirhöfn í Norðurþingi.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar
Rannsóknarskýrslur 2020/1



Forsíðumynd: Gamla Leirhafnarhúsið byggt 1911, viðbygging 1949.



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2020/1

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
SNARTARSTAÐIR OG LEIRHÖFN.....	3
FORNLEIFASKRÁ.....	6
SAMANTEKT.....	16
HEIMILDASKRÁ.....	17

1. Inngangur

Skýrslu höfundur var beðinn að annast fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningu lágspennu og háspennu raflína í jörð og byggingu spennustöðva. Umrætt skráningarsvæði náði yfir hluta jarðanna Snartarstaða og Leirhafnar í Norðurþingi ásamt þeim landspildum sem hafa verið skipt út úr þeim á seinni árum. Skráningin fór eftir uppmælingar gögnum sem Rarik útvegaði og mun lagning línanna fylgja að miklu leyti ljósleiðara línu sem þegar hefur verið lögð.

Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram í lok apríl og byrjun maí 2020. Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmönnum og landeigendum fyrir upplýsingar um fornleifar og staðarhætti og leyfi til þess að ganga um landið.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2136.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁷

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 2000 til 2007 á map.is, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga, niðurhalsgögn frá Landmælingum Ísland og túnakort frá upphafi 20. aldar. Þar sem enginn fornleifaskráning hafði átt sér stað áður á þessum svæðum var rýnt í ritheimildir, skoðaðar loftmyndir frá mismunandi árum ásamt því að vera í samstarfi við góða heimildarmenn sem þekktu vel til fornleifa og örnefna á svæðinu.

Þar sem fornleifar hafa 15 m friðhelgunarsvæði þá var gengið úr skugga um að engar menningarminjar væru innan 15 metra frá framkvæmdasvæði í allar áttir.

Vettvangsvinnan fór svo fram í lok apríl og byrjun maí 2020 þar sem skýrsluhöfundur gekk um svæðið og þar sem minjastaðir fundust þá voru þeir hnitsettir (ÍSN93), upplýsingar skráðar um þá, þeir ljósmyndaðir og staður mældur upp með trimble stöð. Kortin voru svo unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd undir frá Loftmyndum ehf. frá 2007/2019.

Þrátt fyrir að hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

4. Snartarstaðir og Leirhöfn

Snartarstaðir: Jörðin Snartarstaðir er stór og landmikil og þykir henta einkar vel bæði fyrir sauðfé og til ræktunar. Mikið er af mólendi og fjallabrekkum sem eru vel grónar. Vegna þess að hluti af Leirhafnarfjöllum og Snartastaðanúp tilheyrir jörðinni. Hagar fyrir gripi eru þröngir og litlir aðallega mýrlendi nærri bænum.⁸ Allur reki frá strandlengjunni á ósi Snartarstaðalækjar að Snartarstaðanúp tilheyrir jörðinni og áður fyrr var umtalsverð kópaveiði undir núpnum.⁹ Nálægð fjallanna gerir það að verkum að landið er frekar snjóþungt, hins vegar er vorgróður fljótur að taka við sér þá sérstaklega í Núpnum. Norður með sjónum liggur sandgræðslugirðing og er þar nú mikið að gróa upp, jafnframt er annað hólf austan fjallanna¹⁰ sem hefur gefið ágætis raun. Norður með sjónum lá lengi vel fjárborg og var þar fjörubeit og stutt í góða beit.¹¹

⁷ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁸ Runólfur Elentínusson. 2003, bls. 296.

⁹ Þórarinn, Þórarinn og Halldór, 1985, bls. 438.

¹⁰ Runólfur Elentínusson. 2003, bls. 296.

¹¹ Þórarinn, Þórarinn og Halldór, 1985, bls. 438.

Í landi jarðarinnar er kaupúnið Kópasker og árið 1928 var sóknarkirkjan færð frá Presthólum og reist við Snartastaði er þar einnig kirkjugarður. Um svipað leyti var byggður barnaskóli rétt við kirkjuna sem var jafnframt sá fyrsti í Presthólahreppi.¹²

Vatnsveita Kópaskers og nágrennis er við lindir skammt austan við Snartastaðir. Varnargirðingin nær frá lækjarósi á landamerkjum Brekku og Snartastaða allt austur að Loka við Þistilfjörð. Þar af leiðandi fylgir heiðarlandið Sléttuheiði og þurfa því Snartastaðabændur að smala með Sléttungum og rétta á Leirhafnarrett.¹³ Snartastaðir eru ríkisjörð en allar framkvæmdir í eigu ábúanda.¹⁴ Árið 1936 var nýbýlið Hvoll byggt úr landi Snartarstaða og er stærð þess um 2/9 af Snartarstöðum og er beit og ræktunarland óskipt og einnig reki.¹⁵ Býlið Hjarðarás var einnig reist í landi Snartarstaða á árinu 1959 það er um 2/9 úr Snartarstöðum og er beit og ræktunarland óskipt og einnig reki. Býlið var reist á rústum gamallar hjáleigu sem nefnist Kot og var þar túnblettur með vallargarði.¹⁶ Seinna voru svo Hjarðarás og Hvoll í landi Snartarstaða sameinuð í eina jörð sem heitir nú Snartarstaðir II.¹⁷ Árið 1911 var Ás byggður skammt fyrir ofan þorpið Kópasker er það fyrsti læknisbústaður Öxarfjarðarhéraðs¹⁸

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er tekið fram að jörðin henti vel til sauðfjárræktar. Útigangur á fé hafi verið góður í fjörunni og sæmilegur á landi, oft á tíðum geti fullorðið fé verið út án fóðurgjafar en lömb þurfi að fóðra til helminga. Útigangur hesta hafi þó ekki verið góð. Torfrista hafi verið slæm en stunga næg. Ekki sé mikið af rifhrísi til eldiviðar né smáskógi til heystyrks. Grastekja hafi verið bjargleg fyrir heimilið, einnig hvanntekja. Silungsveiði hafi verið góð í Snartarstaðatjörn en hafi þó brugðist í nokkur ár eins og selveiðin og rekavon. Túnið hafi oft spillst af sandfoki sem hafi þó ekki valdið mikilli eyðileggingu en sandfokið hafi þó eyðilagt engin sem til voru. Úthagarnir séu frekar hrjóstugir fyrir stórgripi og hætta sé fyrir kvikfé á sjávangangi undir sköflum í fjörunni. Heimræði sé og lending og uppsátur mjög góð og hægt sé að hafa jafn mörg skip og ábúandi ráði við.¹⁹ Einnig er minnst á Snartarstaðakot í Jarðarbókinni sem sé hjáleiga og hafi byggst fyrir manna minni skammt út fyrir heimajörðinni en hafi þó verið í eyði á þeim tíma þegar bókin er skrifuð.²⁰

¹² Runólfur Elentínusson. 2003, bls. 296.

¹³ Þórarinn, Þórarinn og Halldór, 1985, bls. 438.

¹⁴ Runólfur Elentínusson. 2003, bls. 296.

¹⁵ Runólfur Elentínusson. 2003, bls. 295.

¹⁶ Þórarinn, Þórarinn og Halldór, 1985, bls. 444.

¹⁷ Runólfur Elentínusson. 2003, bls. 298.

¹⁸ Runólfur Elentínusson. 2003, bls. 296.

¹⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 11 bindi, bls. 334

²⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 11 bindi, bls. 334-335.

Leirhöfn: Leirhöfn er landnámsjörð er tekið fram í Landámu að „Reistr son Bjarneyja-Ketil ok Hildar, systur Ketils þistils, faðir Arnsteins goða, hann nam land á milli Reistargnúps ok Rauðagnúps ok bjó í Leirhöfn”.²¹

Jörðin er mjög stór og landgóð og þá sérstaklega fyrir sauðfé þar var starfrækt eitt af stærstu sauðfjárbúum hér á landi.²² Ræktunarskilyrði eru mjög góð og lítið um grjót á þurru mólendi. Það hafa verið ræktuð stór og mikil tún og hafa bændur af Austur-Sléttu og Raufarhafnabúar fengið að rækta tún í landi jarðarinnar.²³

Strandlengja jarðarinnar nær frá Mýgindum í Snartastaðanúp að Bangsavörðu og þaðan austur um Kambás. Stór hluti af Leirhafnarfjöllum eru í landi jarðarinnar og eru þau víða vel gróinn í brekkum en meira um berjauppskeru ofar, fjörubeit hefur einnig verið góð. Eitthvað er um trjáreka og nokkuð var um kópaveiði við Núpinn áður fyrr. Æðarvarp var einnig í litlum hólma í vatninu.²⁴

Höfnin er góð í Leirhafnarvík og löggilt fyrir löngu. Það þykir mörgum mikil náttúrufegurð vera í Leirhöfn brekkur og hús speglast í blælygnu vatninu og mikil víðsýni er til strandar handan flóans.²⁵

Árið 1918 er nýbýlið Nýhöfn byggt úr Leirhöfn niðri á Tanga eins og svo er kallað. Nýbýlið Miðtún var síðan byggt 1946 sem á uppruna til 2/3 úr Nýhöfn og 1/3 úr Leirhöfn.²⁶

Á Nýhafnarpartinum sem er 1/4 úr Leirhöfn risu svo á næstu árum tvö býli í viðbót.²⁷ Sandvík sem var reist á 1/5 úr Nýhöfn á árunum 1951-1952. Stendur íbúðarhúsið örskammt ofan víkurinnar og aðrar byggingar þar í túni rétt við.²⁸ Ennfremur Nýhöfn II er svo byggð 1965 og er það 1/5 úr Nýhöfn.²⁹ Nýbýlið Reistarnes var svo byggt 1954-1955 úr 1/5 Nýhafnar. Býlið var kennt við landnámsmanninn Reist sem nam land í Leirhöfn. Ekkert örnefni minnir á þennan landnema annað en Snartastaðanúpur sem stundur hefur verið kallaður Reistarnúpur eða gnúpur.³⁰

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að útigangur á fé í Leirhöfn hafi verið góður. Grastekja hafi verið bjargleg fyrir heimilið og rifhrís og fjalldrapi hafi verið til heys og eldiviðarstyrks. Torfrista og stunga hafi þó verið lök og grýtt og lítið hægt að nýta. Silugsveiði í Hafnarvatni hafi verið ágæt áður fyrr en hafi enginn verið síðastliðna áratugi. Einnig hafi selveiði sem var góð áður fyrr brugðist í mörg ár. Reki sem var áður í meðallagi hafi ekki heppnast vel í nokkur ár. Skriður út fjallinu hafi spillt túninu en úthagarnir séu nægir. Kvikfé er hætt við sjávarflóðum er ekki er vel að gætt. Heimræði sé og lending og uppsátur gott og gangi nú eitt skip ábúanda.³¹ Einnig minnst Jarðarbókin á Leirhafnar Sel sem sé eyðihjáleiga suður frá heimatúninu en hafi verið í eyði síðustu áratugi en lítil landgæði hafi fylgt því.³²

²¹ Landnámabók, MCMLXXXVI, bls. 285.

²² Runólfur Elentínusson. 2003, bls. 328.

²³ Runólfur Elentínusson. 2003, bls. 328.

²⁴ Þórarinn, Þórarinn og Halldór, 1985, bls. 446.

²⁵ Runólfur Elentínusson. 2003, bls. 328.

²⁶ Þórarinn, Þórarinn og Halldór, 1985, bls. 448.

²⁷ Þórarinn, Þórarinn og Halldór, 1985, bls. 448.

²⁸ Þórarinn, Þórarinn og Halldór, 1985, bls. 450.

²⁹ Þórarinn, Þórarinn og Halldór, 1985, bls. 452.

³⁰ Þórarinn, Þórarinn og Halldór, 1985, bls. 453.

³¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 11 bindi, bls. 335.

³² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 11 bindi, bls. 335-336.

5. Fornleifaskrá

Mikil og góð örnefnagögn eru til af jörðunum og mörg sem benda til menningarminja. Jafnframt var aðgengi gott að fróðum heimildarmönnum sem þekktu vel til örnefna og menningarminja á svæðinu. Þrátt fyrir það fannst ekki mikið á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Snartarstaðir: Gamla bæjarstæðið á Snartarstöðum er víðsfjarri framkvæmdasvæðinu svo ekki reyndist þörf á nota túnakortið.

Fornleifaskrá: 2136-1

Hnit: A614612.5 N647768.4ISN93

Hlutverk: Garður

Tegund: Kartöflugarður

Um það bil 35 m norðaustur af Ekrugötu 6 á Kóparskeri eru leifar af garðhleðslu. Hleðslurnar standa í norður og austur. Hleðslurnar eru frá 20-40 cm háar og 40 cm á breidd. Samkvæmt heimildarmanni þá telur hann að garðurinn sé ekki eldri en 35 ára og tók hann þátt í því að hlaða hleðslurnar fyrir um það bil 18 árum.³³



Mynd 1: Garðhleðsla fyrir kartöflugarð, Snartastaðanúpur er til norðurs

³³Guðmundur Örn Benediktsson, Munnleg heimild.

Leirhöfn:

Gamli bærinn bærinn á Leirhöfn var byggður 1911 og stóð hann á hallandi flöt við fjallsrætur austan við Leirhafnarvatnið.³⁴ Var það steipt hús tvær hæðir og viðbygging var svo byggð 1949 á einni hæð.³⁵ Bærinn er þó ekki innan framkvæmdasvæðis né önnur mannvirki sem sáust á túnakortinu af Leirhöfn.

Fornleifaskrá: 2136-2/ 2136-3 Hnit: A611591.9 N658691.2/ A611594.6 N658694.2 ISN93

Hlutverk: Eyktarmark/Varða

Tegund: Tún/Steinhleðsla

Í örnefnaskrá segir: „Vestan við vatnið eru Nónhólar. Á þeim er Nónvarða.”³⁶ Á suðvesturhorni horni Leirhafnarvatns er Nónhólar og á þeim stendur varða. Hólarnir eru nokkur konar stallur vel gróinn og á norðaustur horninu á honum stendur varðan einnig hulinn gróðri að mestu leyti. Hóllinn er um 10,5 m á lengd og 6 m á breidd. Hæð hans er frá 50 cm upp í 120 cm með hæð vörðunnar. Samkvæmt heimildarmanni þá var hann Eyktarmark frá Leirhöfn. Þarna var búið til lítið tún þar sem tilraunir voru gerðar með þara til þess að auka og bæta jarðveginn. Voru Nónhólar talsvert stærri áður fyrr og var afgirt áður en nýr vegur var lagður um svæðið.³⁷



Mynd 1: Nónhólar og Nónvarða á henni. Í norðvestur má sjá húsin á Leirhöfn.

³⁴ Niels Árni Lund, 2010, bls. 240.

³⁵ Runólfur Elentínusson. 2003, bls. 326.

³⁶ Örnefnaskrá. Leirhöfn, bls. 5.

³⁷ Niels Árni Lund, Munnleg heimild.

Fornleifaskrá: 2136-4
ISN93

Hnit: A610901.9 N659793.8 ISN93

Hlutverk:Garður

Tegund: Tóftir

Í kringum 120 m suður af íbúðarhúsinu í Nýhöfn eru tóftir þær skiptast í tvö hól þar sem hólfið til vesturs er mjög reglulegur ferhyrningur en hólfið til austurs mjög óreglulegt og hefur sennilega verið raskað þar sem má sjá rusl standa upp úr því. Ekki er hægt að greina innganga í hólfin. Hólfið til vesturs er 5X3 m en til austurs er nokkuð stærra um 6X6 m. Samkvæmt heimildarmanni þá eru þetta leifar af garðhleðslum fyrir kartöflugarð og fl. frá þeim sem byggðu Sandvík 1952.³⁸



Mynd 2. Leifar af garðhleðslum, myndin er tekinn í norðaustur.

Fornleifaskrá: 2136-5

Hnit: A610933.4 N659799.5 ISN93 ISN93

Hlutverk:Fjárborg

Tegund: Tóft

Skammt austur af garðhleðslunni um 10 m eða um 50 m norðvestur af húsunum í Sandvík má sjá leifar af Tangaborg fjárborg sem var byggð í kringum 1915-1920 og stóð ásamt hlöðu.³⁹ Var hún löng fjárborg með tveimur garðstæðum eftir endilöngu og 4 króm og var ein sú fyrsta á landinu

³⁸ Niels Árni Lund, Munnleg heimild.

³⁹ Niels Árni Lund, Munnleg heimild.

sem grindur voru settar undir fé, var hún í notkun allt fram undir 1960 og eftir það nýtt að hluta þegar mikið lá á eins og við sauðburð. Hún var jöfnuð við jörðu um 1990 og nokkrum árum seinna einnig steinsteypt hlaða sem var einnig áföst við borgina. Borgarkrókur dregur nafn sitt af henni.⁴⁰ Sauðfé á Melrakkaslétu var mikið beitt í fjöru og fjárborgirnar því byggðar nálægt þarafjöru. Fleiri slíkar borgir voru í Leirhöfn í gegnum tíðina. Miklir sandhaugar mynduðust við þessar sandfjárborgir þar sem þurr sandur var borinn inn á haustin og mokað út á vorin í hauga eins og þeir sem sjást á myndinni, þeir eru því í blandi gamlir skíthaugar/sandhaugar.⁴¹ Stærð rústanna er um 26 m á lengd og 18 m á breidd. Passar það ágætlega við byggingu á túnakortinu af Borgartúni sem var hluti af Leirhöfn. Samkvæmt heimildarmanni þá er getur stóra byggingin á túnakortinu ekki verið nein önnur heldur en Tangaborg.⁴² Norður af borginni var hlaða samföst borginni.⁴³ Ekki var þó hægt að greina ummerki eftir hana sérstaklega þar sem svæðið er mikið raskað og miklir haugar á staðnum. Dyr voru á miðri borginni samkvæmt heimildarmanni bæði til austurs og vesturs og einnig á suðurgafli ekki var þó hægt að greina það á staðnum.⁴⁴



Mynd 3. Leifar af fjárborginni, myndin er tekinn í suðaustur, húsið á Sandvík blasir við.

⁴⁰ Örnefnastofnun. Svör við spurningum Örnefnastofnunar, bls. 7

⁴¹ Niels Árni Lund, Munnleg heimild.

⁴² Niels Árni Lund, Munnleg heimild.

⁴³ Niels Árni Lund, Munnleg heimild.

⁴⁴ Niels Árni Lund, Munnleg heimild.



Mynd 4. Fjárborgin Tangaborg, mynd tekinn í austur.

Fornleifaskrá: 2136-6

Hnit: A610942.0 N659784.8 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Við suður enda Tangaborgar voru leifar af annarri byggingu og samkvæmt heimildarmanni þá var bætt við byggingu til suðurs samfastri borginni. Þannig að fjárborgin var ein þvenglengja með hlöðu í norðurenda.⁴⁵ Ekki var hægt að sjá vel hvernig þessi bygging var á vettvangi stór og mikill haugur með dæld í miðjunni. Hefði verið erftitt að bera kennsl á þetta sem byggingu nema því fjárborgin var næst við hana.

⁴⁵ Niels Árni Lund, Munnleg heimild.



Mynd 5. Leifar af byggingu samfastri Tangaborg mynd tekinn í vestur.

Fornleifaskrá: 2136-7

Hnit: A610971.3 N659772.3 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Skammt Suðaustur frá borginni um 20 metra norður frá bænum Sandvík má einnig sjá leifar af mannvirki, stór og mikill haugur með dæld í miðjunni. Samkvæmt heimildarmanni þá heyrði hann einhvern tímann að þetta væru tóftir af föllnu fjárhúsi gæti einnig verið sand/skíthaugar frá Tangaborg.⁴⁶

Fornleifaskrá: 2136-8/2136-9

Hnit: A610889.3 N659831.1, A610872.1 N659907.4 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Samkvæmt túnakortinu frá Borgartúni (sem er hluti af túnakorti Leirhafnar) þá eru einnig tvö önnur mannvirki teiknuð inn á. Annað þeirra á að vera staðsett um 37 m norð-vestur af Tangaborg og seinna um 109 m norðvestur af Tangaborg. Ekki sáust leifar af mannvirkinu sem liggur nær Tangaborg en hitt er staðsett nokkurn veginn á þeim stað þar sem brunnur er staðsettur í dag eða 5 um metrum sunnar en brunnurinn. Samkvæmt heimildarmanni var þessi brunnur trúlega grafinn upp í kringum 1968 fyrir Nýhöfn II. Seinna um 1976 var lögð vatnsveita

⁴⁶ Niels Árni Lund, Munnleg heimild.

ofan úr Leirhafnarfjalli á alla bæi og endaði aðallögnin í Nýhöfn í þessum brunni. Lokið á brunninn var smíðað 2007.⁴⁷



Mynd 6. Brunnlok mynd tekinn í norður.

⁴⁷ Niels Árni Lund, Munnleg heimild.



— Háspenna
— Lágspenna
△ Spennistöð

Nafn SNARTARSTAÐIR OG LEIRHÖFN	Dags. 28.02.2020 hj	Skýringar: Lega fyrirhugaðra háspennu-, lágspennulagna og spennustöðva í landi Snartarstaða og Leirhafnar í Norðurþingi.
NORÐURÞING	Mælikv. 1:33000 í A3	



BÚGARÐUR

RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI

Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is

Unnið eftir mynd nr.

f633/634/643

/644/653/654

frá Loftmyndir ehf. 2007



nafn:	SNARTARSTAÐIR	teikn. 03.05.2020 hj	Skýringar:
	NORÐURÞING	mælikv. 1:2000 í A4	Menningarminjar á Snartarstöðum innan framkvæmdasvæðis Raríks.
		 BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is	
		Unnið eftir mynd nr. f654 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2019	



Nafn	LEIRHÖFN	Dags.	03.05.2020 hj	Skýringar:
	NORÐURÞING	Mællkv.	1:6000 í A3	
Menningarminjar innan Leirhafnar				 BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s. 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is Unnið eftir mynd nr. f633/f634 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2007

6. Samantekt

Fyrir þessa athugun hafði enginn fornleifaskráning farið fram á jörðunum Snartarstöðum og Leirhöfn. Mjög góð og ítarlegar örnefnaskrár voru til af jörðunum og einnig var búið að merkja flest örnefni inn á kort hjá Landmælingum Íslands. Einnig fengust ágætis upplýsingar um fornleifar úr rituðum heimildum og frá góðum heimildarmönnum.

Þrátt fyrir það þá voru ekki margar menningarminjar sem fundust sem voru á eða innan 15 m. frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Þetta staðfestu heimildarmenn sem voru mjög kunnugir menningarminjum og örnefnum á svæðinu. Ekki fundust heldur ummerki á loftmyndum né við vettvangskonun á svæðinu. Þær menningarminjar sem fundust virðast flestar ekki vera mjög gamlar. Garðhleðslan á Snartarstöðum ekki eldri en 35 ára og samkvæmt Níels Árna Lund þá eru minjarnar á Borgartúni í Leirhöfn frá þeim tíma þegar farið er að stofna nýbýli á svæðinu. Allt frá 1918 til miðja 20. aldar. Það eru helst minjarnar á Nónhóli sem að öllum líkindum eru eldri. Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að ekki mikið hafi fundist við heimildarvinnu og vettvangsvinnu þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að fleiri minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 4. maí 2020.
Hákon Jensson

7. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Presthólahreppur. Ellefta. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1988.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Íslendingabók, Landnámabók. (MCMLXXXVI). Íslensk fornrit. Hið Íslenska Fornritafélag. Reykjavík.

Níels Árni Lund. (2010). Af heimaslóðum, brot af sögu Helgu og Árna Péturs í Miðtúni og samfélagsins við Leirhöfn á Melrakkaslétu. Bókaútgáfan Hólar. Reykjavík.

Runólfur Elentínusson (ritstjóri). Þórarinn Þórarinsson, Kristín Kristjánsdóttir og Brynjar Halldórsson. (2003). Land og Fólk, Byggðasaga Norður-Þingeyinga. Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga.

Þórarinn Þórarinsson, Þórarinn Kristjánsson og Halldór Sigurðsson (ritnefnd). (1985). Land og fólk byggðasaga Norður-Þingeyinga. Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga.

Heimildarmenn:

Guðmundur Örn Benediktsson 1953 Kópasker

Helgi Jónsson 1953 Akureyri

Níels Árni Lund 1950 Reykjavík

Túnakort: Leirhöfn

Örnefnaskrár:

Snartastaðir, Presthólahreppur, Norður-Þingeyjarsýsla. Samlesið KE/BO. Örnefnastofnun Íslands

Örnefnaskrá. Leirhöfn, Norður-Þingeyjarsýsla, Presthólahreppur. Samlesið J.H. Örnefnastofnun

Örnefnastofnun. Svör við spurningum Örnefnastofnunar. Leirhöfn, Presthólahreppur. Öxafjarðarhreppur. Norður-Þingeyjarsýsla. Örnefnastofnun.



Nafn	LEIRHÖFN	Dags.	03.05.2020 hj	Skýringar: Menningarminjar innan Leirhafnar samkvæmt túnkorti af Borgartúni sem er innan Leirhafnar.
	NORÐURÞING	Mælikv.	1:6000 í A3	



BÚGÆRDUR

RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI

Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is

Unnið eftir mynd nr.f633/f634 / gps mæl.frá Loftmyndir ehf. 2007